

Þriðjudaginn 19. nóvember 1974.

Nr. 56/1973: **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Fiskiðjuni h/f
(Hörður Ólafsson hrl.)

og gagnsök

og

H/f Eimskipafélag Íslands
gegn

Sjávarvörum h/f til réttargæslu
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,**
Þjórn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Farmflutningur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. apríl 1973. Krefst hann aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms, en til vara sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér „£ 10.024.34 í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, að frádregnum kr. 337.169.00 með 7% ársvöxtum af mismuninum frá 1. júní 1971 til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, og engar kröfur eru uppi hafðar af hans hálfu.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál í héraði gegn aðaláfrýjanda og réttargæslustefnda hér fyrir dómi til greiðslu óskipt á framangreindri fjárhæð. Hann hefur eingöngu áfrýjað málinu, að því er varðar aðaláfrýjanda.

Fiskiðjan h/f hefur tekið við eignum og gengist við skuld-

bindingum Fiskiðjunnar s/f. Hefur aðaláfrýjandi samþykkt aðild hlutafélagsins hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi lagt fram mörg skjöl í máli þessu. Skýra þau ýmsa þætti þess. Þótt þessi skjöl hafi eigi legið fyrir héraðsdómi, verður ekki talið, að mál hafi verið vanreifað þar fyrir dómi í þeim mæli, að varða eigi ómerkingu dómsins. Krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu verður því eigi tekin til greina.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar gegn aðaláfrýjanda á almennum fébótareglum og telur, að réttur hafi verið á sér brotinn með afhendingu loðnumjöls þess, sem málið fjallar um, án þess að gengið væri eftir frumfarmskirteini úr hendi viðtakanda vörunnar í Rotterdam eða tryggingar krafist að öðrum kosti. Hafi aðaláfrýjanda ekki getað dulist, að gagnáfrýjandi væri eigandi vörunnar, og eigi hann því beinan aðgang að aðaláfrýjanda með kröfur sínar.

Af hálfu aðaláfrýjanda er sú vörn uppi, að Sjávarvörur h/f hafi verið vörusendandi og hafi hann sem farmflytjandi eigi gert annað en fara eftir fyrirmælum sendanda um afhendingu á vörunni í hendur skráðs viðtakanda, Messrs. Handelsveem N.V.

Hinn 14. maí 1971 bar forstjóri Sjávarvara h/f fram þá ósk við aðalskrifstofu aðaláfrýjanda í Reykjavík, að loðnumjölið yrði afhent í Rotterdam án frumfarmskirteinis. Taldi hann, að með því móti yrði komist hjá miklum kostnaði, sem af hlytist, ef töf yrði á afhendingu, m. a. vegna þess, að helgi fór í hönd, en 14. maí 1971 var föstudagur. Voru þessi tilmæli efni til þess, að aðaláfrýjandi sendi umboðsmanni sínum í Rotterdam telex skeyti samdægurs, þar sem segir svo: „skogafoss from Reykjavik 7/5. 117 tons fishmeal in order release for transshipment without original blading if original blading not arriving in time“.

Bótaskylda aðaláfrýjanda er í héraði reist á því, að varan hafi verið afhent N.V. Handelsveem, umboðsmönnum kaupanda, til fullra umráða hinn 12. maí 1971, þ. e. áður en framangreind tilmæli forstjóra Sjávarvara h/f komu fram. Er þar byggt á telex skeyti frá afgreiðslu aðaláfrýjanda í

Rotterdam til aðalskrifstofu hans í Reykjavík. Skeyti þetta, sem er svar við fyrirspurn aðalskrifstofunnar í Reykjavík, var sent 22. janúar 1973. Var það lagt fram við munnlegan málflytning í héraði og hljóðar svo:

„re skogafoss from Reykjavik 7/5/1971 — 2400 bags of fishmeal from seagoods delivered to messrs handelsveem 12/5/1971 stop messrs. handelsveem cannot give information about date of delivery to receivers without consent of their principals“.

Eins og áður er greint, hefur aðaláfrýjandi lagt fram mörg skjöl eftir uppsögu héraðsdóms, þar á meðal telex skeyti frá 14. maí 1971. Er það ensk þýðing úr hollensku á „telexi“ frá N.V. Handelsveem til afgreiðslu aðaláfrýjanda í Rotterdam, svohljóðandi:

„For the 2.400 bags Fishmeal marked f.i.k. discharged overboard onto waggons ex m.s. skogafoss, because Bs/L were said to be on board, which appears not to be the case, we confirm again that these waggons will not be removed by us and that the fishmeal remains at your disposal until the B/L will be delivered. — According to telephonic information from Iceland, it was again confirmed that Bs/L have been delivered with the Icelandic Steamshipcompany, Reykjavik and that a release telex will be sent to you.“

Þá hefur einnig verið lagt fyrir Hæstarétt telex skeyti frá 14. eða 15. maí 1971 milli Lockie Pemberton & Co. í London og Sjávarvara h/f. Kemur þar fram, að firmað í London kvartar um, að vörunni hafi ekki verið sleppt í Rotterdam „meantime trucks are standing and demurrage incurred which if continued over weekend will be heavy“. Svar forstjóra Sjávarvara h/f var: „I just so spoke to ss company and they told me that they had released the consignment.“

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar, að varan hafi verið í fullum umráðum aðaláfrýjanda hinn 14. maí 1971, er tilmæli forstjóra Sjávarvara h/f um afhendingu varanna án framvísunar farmskirteina bærust aðaláfrýjanda, en farmskirteinin fékk forstjórinn í hendur frá aðaláfrýjanda hinn 17. maí 1971.

Hafin var afferming loðnumjölsins í Rotterdam 11. maí og það sett í flutningavagna þann dag eða daginn eftir. Var mjölið eigi flutt frá Rotterdam fyrr en 19. maí áleiðis til Austurríkis. Forstjóri Sjávarvara h/f fól Útvegsbanka Íslands í Kópavogi innheimtu vörusendingarinnar hjá kaupanda, Lockie Pemberton & Co. í London, og sendi bankanum bæði farmskírteinin með bréfi, dagsettu 26. maí. Hefur forstjórinn borið, að hann hafi sagt forstjóra gagnáfrýjanda í upphafi þessara viðskipta, að „mjölið færi í gegnum Rotterdam og þaðan til Austurríkis, og Lockie Pemberton mundi ekki greiða mjölið, fyrr en það væri komið til Austurríkis“. Frumfarmskírteinin eru nú í vörslu Útvegsbanka Íslands á vegum Sjávarvara h/f.

Sjávarvörur h/f var vörusendandi samkvæmt farmskírteinum. Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að hann hafi ekki haft vitneskju um annað en að sendandi væri eigandi vörunnar. Hefur því eigi verið hnekkt. Nú hefur komið í ljós, að gagnáfrýjandi var vöru eigandi og Sjávarvörur h/f því umboðsmaður gagnáfrýjanda í þessum skiptum. Aðaláfrýjandi fór eftir þeim tilmælum þessa umboðsmanns að afhenda vöruna án framvísunar frumfarmskírteina, sem þá voru í höndum aðaláfrýjanda.

Gegn andmælum aðaláfrýjanda er ósannað, að forstjóri Sjávarvara h/f hafi áskilið í sambandi við greind tilmæli hans 14. maí 1971 um afhendingu vörunnar, að umboðsmaður aðaláfrýjanda í Rotterdam gengi eftir tryggingu úr hendi viðtakanda vörunnar fyrir greiðslu andvirðis hennar. Eigi eru í ljós leiddar venjur um það, að farmflytjandi krefji viðtakanda vöru um tryggingu, þegar svo hagar til sem hér.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera

sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Fiskiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 14. febrúar 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Fiskiðjunnar s/f, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. mars og 28. mars 1972, á hendur Sjávarvörum h/f, Reykjavík, og H/f Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð £ 10.024.92 (£ 10.126.18 ÷ 1% umboðslaun, £ 101.26) í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, þó ekki eftir lægra kaupgengi en kr. 228.30, en að frádregnum kr. 337.169.00 (358.291.00 mínus 21.122.00, sbr. dskj. 40), með 7% ársvöxtum af mismuninum (£ 10.024.92 mínus kr. 337.169.00) frá 1. júní 1971 til greiðsludags og með málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.“

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi, Fiskiðjan s/f, Keflavík, er framleiðandi loðnumjöls þess, sem mál þetta snýst um. Stefndi Sjávarvörur h/f hafði milligöngu um sölu á 116 þúsund 890 kg af loðnumjöli til firmans Lockie Pemberton & Co., 48 Upper Thames Street í London. Sjávarvörur h/f hafði áður haft milligöngu um sölu afurða frá Fiskiðjunni s/f til erlendra kaupenda. Stefnanda var kunnugt um það, að hinir endanlegu kaupendur loðnumjölsins voru í Austurriki. Umsamið söluverð mjölsins var 26sh og 3p fyrir einingu af proteini/þúsund kg c.i.f. Rotterdam, en proteininnihald sendingarinnar reyndist 66% samkvæmt efnagreiningu Fiskifélags Íslands, og heildarverð sendingarinnar c.i.f. Rotterdam var því £ 10.126.18.

Svo sem venja er til hér á landi, annaðist stefndi Sjávarvörur h/f um reikningsgerð á hendur kaupanda og um það að leggja

út eða tryggja greiðslu á útflutningsgjöldum, farmgjöldum, vátryggingariðgjaldi og bankakostnaði. Munu gjöld þessi nema alls um 18% af c.i.f. verði sendingarinnar. Af þeirri ástæðu hefur stefnandi gert framangreindan frádrátt að fjárhæð kr. 358.291.00, er sundurliðast þannig:

1. Greidd útflutningsgjöld	kr. 131.122.00
2. 1% umboðslaun	— 21.122.00
3. 0.25% bankakostnaður	— 5.373.00
4. Greitt flutningsgjald	— 176.814.00
5. Greitt vátryggingariðgjald	— 21.491.00

Mjölsendingunni var ekið á vörubílum frá Keflavík til Reykjavíkur. Tók stefndi H/f Eimskipafélag Íslands þátt í þeim flutningskostnaði, eins og mjölinu hefði verið skipað um borð í Keflavík. Mjölinu var síðan skipað um borð í Reykjavík í skip stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, m/s Skógafoss, er flutti það til Rotterdam.

Sendingin mun hafa farið áleiðis til Rotterdam hinn 7. maí 1971, en þann dag gaf stefndi H/f Eimskipafélag Íslands út farmskírteini fyrir vörunni í tveim frumritum. Samkvæmt farmskírteininu er stefndi Sjávarvörur h/f sendandi vörunnar, en móttakandi framsalshafi farmskírteinisins (Consigned to Order of „ORDER“). Firmanu N. V. Handelsveem í Rotterdam, sem munu hafa verið umboðsmenn kaupenda, skyldi tilkynna um komu vörunnar þangað. Merki á vörunni var fangamark stefnanda, F.I.K. Heldur stefnandi því fram, að umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands hafi tekið við vörunni úr hendi stefnanda og gefið honum kvittun fyrir, en farmskírteinið síðan verið gefið út eftir þeirri kvittun. Telur stefnandi, að gera verði ráð fyrir, að stefndi H/f Eimskipafélag Íslands hafi vitað eða átt að vita, að meðstefndi Sjávarvörur h/f væri ekki eigandi vörunnar, heldur einungis umboðssali.

Vörur þessar átti að selja c.i.f. Rotterdam, svo sem áður getur, en greiðsla skyldi fara fram í London gegn afhendingu á skjölum (Cash against documents). Sá aðili, er kom fram sem kaupandi gagnvart stefnda Sjávarvörum h/f, var fyrrnefndur Lockie Pemberton & Co., London, en sá aðili gaf síðan út reikning um vöruna, stílaðan á annað félag í London, Berkeley (Canada), Foods Ltd., en það félag seldi síðan vöruna viðskiptavinum sínum í Austurríki.

Innheimtuskjöl, þ. e. frumfarmskírteini, vörureikninga og vottorð, afhenti stefndi Sjávarvörur h/f viðskiptabanka sínum, Út-

vegsbanka Íslands í Kópavogi, með beiðni um, að andvirði sendingarinnar yrði innheimt hjá kaupanda, Lockie Pemberton & Co. í London, með staðgreiðslu við sýningu farmskjalanna og gegn afhendingu þeirra. Farmskírteinið framseldi stefndi Sjávarvörur h/f Útvegsbankanum í Kópavogi með eyðuframsali sínu og afhendingu skjalanna. Útvegsbankinn merkti skjölin stimpli sínum og tilvísun með númeri, 5892, og sendi frumfarmskírteinin til innheimtu til Hambrosbank Ltd. í London.

Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f er því haldið fram, að Lockie Pemberton & Co. hafi fengið skjölin léð hjá Hambrosbank Ltd. um stutta hríð til skoðunar á því, hvort nokkrar athugasemdir væru á frumfarmskírteininum, sem máli skiptu, áður en verð vörunnar væri greitt. Heldur þessi stefndi því fram, að hér sé um bankavenju að ræða í London, þegar slík skjöl séu afhent viðskiptamönnum banka „in trust“, svo sem það kallast. Heldur stefndi Sjávarvörur h/f því fram, að svo virðist sem Lockie Pemberton & Co. hafi sent skjölin til N. V. Handelsveem, en það fyrirtæki hafi síðan notað skjölin til þess að ná vörunni út hjá umboðsmanni meðstefnda H/f Eimskipafélagi Íslands í Rotterdam. Svo virðist, segir þessi stefndi, sem N. V. Handelsveem hafi síðan tekist að ná frumfarmskírteininum til baka úr höndum umboðsmanns meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam og sent skjölin aftur til Lockie Pemberton & Co. í London, sem hafi síðan skilað skjölunum til Hambrosbank Ltd. í London, eins og skjölin hefðu aldrei verið notuð og aðeins verið í vörslum Lockie Pemberton & Co. til skoðunar.

Í málinu liggja frammi gögn frá umboðsmönnum stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam, Meyer & Co. Scepvaart MIJ. NV. Rotterdam og frá fyrirtækinu N. V. Handelsveem í Rotterdam, þar sem því er afdráttarlaust andmælt, að þessi fyrirtæki hafi fengið í hendur frumrit farmskírteinnanna og fengið vöruna afhenta með þeim hætti og síðan skilað frumritunum aftur, þannig að þau kæmust á ný í vörslu Lockie Pemberton & Co. Ltd. Hins vegar er það ljóst, að framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, Pétur Einarsson, óskaði eftir því við aðalskrifstofu stefnda H/f Eimskipafélags Íslands hér í Reykjavík, að vörunni yrði sleppt án afhendingar frumfarmskírteinis í Rotterdam. Hafði stefndi Sjávarvörur h/f áður notið slíkrar fyrirgreiðslu af hendi meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands. Var það varðandi mjölsendingu, er fór með m/s Dettifossi 2. apríl 1971, og afgreiddi stefndi H/f Eimskipafélag Íslands þá málið á þann hátt, að um-

boðsmaðurinn lét móttakanda vörunnar í Rotterdam, N. V. Handelsveem, setja tryggingu fyrir andvirði vörunnar, áður en hún var afhent. Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f hafði ósk um afhendingu vörunnar með þessum hætti verið sett fram til þess að komast hjá því, að á vöruna félli sérstakur kostnaður vegna aukabiðdaga o. s. frv. Hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnda Sjávarvara h/f, að það hafi að sjálfsögðu verið ætlast til þess, að sett yrði trygging af hálfu móttakanda vörunnar, svo sem gert hafi verið í hið fyrra skipti, er varan var afhent með þessum hætti, enda hefði þá engum hagsmunum verið hætt. Þetta var hins vegar ekki gert í þessu tilviki, og afhentu umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam vöruna til N. V. Handelsveem án tryggingar hinn 12. maí 1971. Hins vegar hefur ekki tekist að upplýsa í málinu, hvenær N. V. Handelsveem afhendir vöruna. Aftur á móti er það ljóst, að það er fyrst hinn 14. maí 1971 sem stefndi H/f Eimskipafélag Íslands sendir telex skeyti til umboðsmanna sinna í Rotterdam, svohljóðandi: „Skóga-foss from Reykjavík 7/5 117 tons fishmeal in order release for transshipment without original blading if original blading not arriving in time.“

Árni Júlíus Steinsson, skrifstofumaður hjá stefnda H/f Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og borið, að Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, hafi hringt til sín og beðið sig um að senda skeyti eða telex til Rotterdam og leyfa áframhaldandi sendingu á mjölinu til þess að koma í veg fyrir umhleðslukostnað í Rotterdam. Hafi Pétur Einarsson tekið fram, að búið væri að flugsenda original pappíra. Kveðst vitnið Árni Júlíus þá hafa sent framangreint telex skeyti hinn 14. maí 1971. Benti hann sérstaklega á, að í skeytinu stæði „for transshipment“, en ekki standi í skeytinu, að heimilt sé að afhenda vöruna, t. d. á endastöð.

Svo sem fyrr er rakið, hafði umboðsmaður stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam þegar afhent N. V. Handelsveem vöruna, þegar framangreint skeyti var sent, og án þess að séð verði, að hann hafi haldið áfram umráðum yfir henni. Stefnandi heldur því fram, að víst sé um það, að á þessum sama tíma hafi frumfarmaskjölin verið til innheimtu hjá Hambrosbanka í London, svo og sé hitt víst, að sendingin sé nú fyrir löngu afhent umboðsmönnum kaupenda, sem muni hafa skipt henni niður í Rotterdam í smærri sendingar og sent þær kaupendum í Austurríki. Vörunar hafi kaupendur ekki greitt þrátt fyrir ítrekaðar inn-

heimtutilraunir. Ekki hafi stefndu heldur fengist til að greiða.

Samkvæmt bréfi frá lögfræðingadeild Útvegsbanka Íslands, dags. 27. nóvember 1972, eru nú bæði frumrit farmskírteinisins í vörslum bankans. Telur bankinn sér hvorki rétt né skylt að afhenda skírteinin öðrum en fyrirsvarsmönnum stefnda Sjávarvara h/f, fyrr en dómur hefur gengið í gagnstæða átt.

Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, hefur kært mál þetta til saksóknarans í London. Starfa nú rannsóknarlögreglumenn á vegum Scotland Yard (Fraud Squad) að rannsókn málsins, m. a. vegna þess að nú hefur komið upp gífurlegt gjaldþrot hjá fyrirtækinu Berkeley Canada Foods Ltd. Tveir rannsóknarlögreglumenn frá nefndri stofnun voru staddir hér á landi í nóvembermánuði 1972. Áttu þeir þá m. a. óformlegar viðræður við dómsformann í þessu máli. Fengu þeir léð skjöl úr málinu, þau er þeir töldu að að gagni mætti koma. Tjáðu þeir dómsformanni þá m. a., að mál þetta mundi verða rannsakað í London, Rotterdam og Vínarborg auk rannsóknar, sem þeir framkvæmdu hér á landi. Þjuggust þeir við því, að rannsókn málsins mundi vart taka skemmri tíma en eitt ár.

Þegar þingað var í máli þessu hinn 13. desember 1972, kröfðust stefndu frests í málinu til öflunar gagna. Stefnandi andmælti frekari fresti í því skyni. Kröfðust stefndu þá úrskurðar um frestbeiðni sína. Þeirri beiðni var synjað með úrskurði réttarins, uppkveðnum 5. janúar s.l. Umboðsmenn stefndu lýstu því yfir við dómara málsins, að úrskurður þessi yrði ekki kærður til Hæstaréttar, og hinn 6. þ. m. var málið flutt hér fyrir dómnum að efni til.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndu hafi með ólögmatum hætti valdið því, að vörusending, sem stefnandi hafi ætlað að selja erlendum kaupendum gegn staðgreiðslu, hafi komist í þeirra hendur, án þess að þeir greiddu hana. Sendingin hafi þannig farið forgörðum, að því er stefnanda varðar, þannig að hún hafi ekki lengur verið fyrir hendi til að tryggja greiðsluna og stefnandi ekki lengur átt þess kost að rifta kaupunum og fá vöru sína aftur, þegar verulegur greiðsludráttur hafi verið á orðinn, t. d. til að selja hana öðrum. Stefndu beri báðir solidariska skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, er nemi dómkröfum hans.

Stefnandi hefur sérstaklega andmælt því, að það skipti máli um skaðabótaskyldu stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, þótt vera kunn, að þeir hafi ekki vitað, að stefnandi var eigandi mjölsins.

Stefndi Sjávarvörur h/f byggir sýknukröfu sína á því, að í apríl

og maí 1971 hafi hann haft milligöngu um sölu á fimm mjölsendingum til Austurríkis. Framleiðendur og seljendur þessara vöru-sendinga hafi verið Lýsi og Mjöl h/f og Fiskiðjan s/f, stefnandi þessa máls.

Í tvö skipti af þessum fimm hafi þess verið óskað af hálfu stefnda Sjávarvara h/f við aðalskrifstofu meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands hér í Reykjavík, að vörunni væri sleppt án afhendingar frumfarmskírteinis í Rotterdam. Í fyrra tilvikinu hafi það verið gert vegna sendingar, sem farið hafi með m/s Dettifossi 2. apríl 1971, og hafi umboðsmaður meðstefnda í Rotterdam þá afgreitt málið á réttan hátt, þ. e. hann hafi látið móttakandann, N. V. Handelsveem í Rotterdam, setja tryggingu fyrir andvirði vörunnar, áður en varan var afhent. Í því tilviki, sem hér er um fjallað, hafi stefndi Sjávarvörur h/f einnig farið þess á leit við aðalskrifstofuna í Reykjavík, að þessi háttur yrði á hafður, en svo virðist sem umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam hafi sleppt vörunni við N. V. Handelsveem í Rotterdam án tryggingar. Við þessu hafi stefndi Sjávarvörur h/f að sjálfsgöðu ekki búist, þar sem það hafi verið föst og örugg venja í viðskiptum sem þessum, að skipafélagið slepti því aðeins vörunni við móttakanda eða umboðsmann móttakanda, að hann annað hvort afhenti frumfarmskírteini eða setti tryggingu. Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f er þess getið, að óskinn um það, að vörunum yrði sleppt, hafi verið fram borin til þess að komast hjá því, að á vöruna félli sérstakur kostnaður, aukabiðdagar o. s. frv., en að sjálfsgöðu hafi verið ætlast til þess, að sett yrði trygging, svo sem í fyrra skiptið, og þá hefði engum hagsmunum verið hætt.

Þá heldur þessi stefndi því fram, að stefnanda máls þessa hafi verið kunnugt um öll málsatvik og venjur í viðskiptum sem þessum. Honum hafi verið um það kunnugt, að kaupendur væru í London, en ætlunin væri, að varan yrði flutt til Austurríkis og Lockie Pemberton & Co. héldi heimildum á vörunni til Austurríkis og hún yrði ekki afhent þar nema gegn greiðslu. Þessa aðferð hafi stefnandi samþykkt. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi samþykkt þessa meðferð á vörunni, og gegn andmælum hans er það samþykki ekki sannað.

Að endingu mótmælir þessi stefndi því, að sýnt hafi verið fram á það, að kröfur stefnanda á hendur Sjávarvörum h/f hafi við slík rök að styðjast, að þær leiði til dómsáfallingar.

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands byggir sýknukröfu sína á

því, að stefnandi eigi ekki aðild að þessu máli. Það sé aðeins fram-
salshafi farmskírteinisins, sem rétt hafi til að veita vörunni við-
töku úr hendi farmflytjanda. Samkvæmt farmskírteininu hafi
firmað Sjávarvörur h/f verið skráð sem sendandi. Jafnframt sé
berum orðum tekið fram í farmskírteininu, að það sé „Order“-
farmskírteini og hafa beri samband við firmað Handelsveem N. V.
í Rotterdam, þannig að eini skráði rétthafinn samkvæmt farm-
skírteininu sé Sjávarvörur h/f. Í bréfi Sjávarvara h/f til útibús-
stjóra Útvegsbankans í Kópavogi, dags. 25. nóvember 1971, og
til firmans Lockie Pemberton & Co. sé því afdráttarlaust lýst, að
Lundúnafirmanu beri að greiða hina seldu vöru að fullu. Jafn-
framt hafi Pétur Einarsson, forstjóri Sjávarvara h/f, staðfest, að
ekki séu neinar kröfur á hendur stefnda H/f Eimskipafélagi Ís-
lands. Þar sem ekkert réttarsamband hafi þannig stofnast milli
H/f Eimskipafélags Íslands annars vegar og stefnanda hins vegar,
beri að sýkna stefnda H/f Eimskipafélag Íslands í málinu. Þá er
á það bent af þessum stefnda, að stefnandi þurfi að sanna eignar-
rétt sinn til sendingarinnar með framlagningu farmskírteinis,
enda geti svo farið, að einhver annar aðili geri kröfur á hendur
H/f Eimskipafélagi Íslands samkvæmt því.

Þá liggi það fyrir í málinu, að það hafi verið samkvæmt beiðni
stefnda Sjávarvara h/f, að vörusendingin hafi verið afhent án
móttöku frumfarmskírteinis í Rotterdam. Sjávarvörur h/f beri
þannig ábyrgð gagnvart eiganda vörunnar, ef hún fæst ekki
greidd hjá kaupanda, að hún var afhent með þessum hætti.
Solidarískur dómur á hendur Sjávarvörum h/f og H/f Eimskipa-
félagi Íslands komi því vart til greina. Að endingu heldur þessi
stefndi því fram, að það hafi verið ógerningur fyrir H/f Eim-
skipafélag Íslands að gera sér grein fyrir því, að Sjávarvörur h/f
væri ekki hinn raunverulegi eigandi vörunnar, enda þótt merki
F.Í.K. hafi verið á vörunni. Að þessu leyti sé því ekki um nein
mistök hjá starfsmönnum H/f Eimskipafélags Íslands eða um-
boðsmönnum þeirra að ræða.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt telex skeyti frá umboðsmanni H/f Eimskipafélags
Íslands í Rotterdam til aðalskrifstofu félagsins hér í Reykjavík er
það upplýst, að umboðsmaðurinn í Rotterdam hefur afhent N. V.
Handelsveem loðnumjöl það, sem mál þetta snýst um, hinn 12.
maí 1971. Þessi afhending fór fram, án þess að greitt væri fyrir
mjölið og án afhendingar frumfarmskírteinis og án þess, að séð
verði, að umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam

haldi áfram heimildum yfir vörunni. Vegna þessarar afhendingar ber stefndi H/f Eimskipafélag Íslands skaðabótaskyldu á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir, og skiptir það engu máli um þá skaðabótaskyldu, þótt vera kunní, að starfsmenn Eimskipafélagsins hafi ekki vitað, að stefnandi væri eigandi mjölsins. Ber því að dæma þennan stefnda til þess að greiða stefnanda dómkröfurnar að öðru leyti en kröfugerðinni: „þó ekki lægra kaupgengi en kr. 228.30“, þar sem það væri andstætt 1. gr. laga nr. 71 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, auk málskostnaðar, er ákveðst kr. 176.000.00.

Svo sem áður er rakið, það Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, Árna Júlíus Steinsson, skrifstofumann stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, þess, að leyfð yrði áframhaldssending á vörunni til þess að koma í veg fyrir umhleðslukostnað í Rotterdam, enda væri búíð að flugsenda frumskjölin. Hinn 14. maí 1971 sendi Árni Júlíus telex skeyti til umboðsmanns H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam, þar sem heimiluð er afhending vörunnar „for transshipment“, án þess að frumfarmskírteini sé lagt fram. Þegar þetta skeyti er sent, hafði umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam þegar afhent N. V. Handelsveem vöruna, en það var gert hinn 12. maí 1971, svo sem að ofan getur. Af þessum sökum verður ekki séð, að nefnd beiðni Péturs Einarssonar hafi verið meðvöld að tjóni stefnanda, þar sem afhending hafði þá þegar farið fram og tjónið því orðið, enda hefur stefndi H/f Eimskipafélag Íslands ekki sannað, að hann hafi haldið áfram heimildum yfir vörunni eftir afhendingu hennar hinn 12. maí 1971. Ber því að sýkna stefnda Sjávarvörur h/f í máli þessu, en fella málskostnað niður, að því er hann varðar, enda var fyllsta ástæða fyrir stefnanda að höfða mál þetta gagnvart honum, og það er fyrst við munnlegan flutning málsins sem þessi stefndi leggur fram telex skeyti það og gögn, er leiddu til sýknu hans í þessu máli.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands greiði stefnanda, Fisk-iðjunni s/f, £ 10.024.92 í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, en að frádregnum kr. 337.169.00, með 7%

árvöxtum af mismuninum (£ 10.024.92 ÷ kr. 337.169.00) frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað kr. 176.000.00.

Stefndi Sjávarvörur h/f á að vera sýkn í máli þessu, en málskostnaður fellur niður gagnvart honum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 44/1973: **Vélsmiðjan Héðinn h/f**
(Haukur Jónsson hrl.)
gegn
Kjartani Erlendssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraþir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Skólagjöld. Sjúkrasam-
lagsgjöld. Tryggingargjöld. Gerðardómur. Sératkvæði. Fjár-
nám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. mars 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess í aðalsök, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 41.014.86 auk 8% árvaxta frá 17. apríl 1970 til greiðsludags. Í gagnsök krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Enn krefst hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. apríl 1973. Í aðalsök krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið